



1. fundur velferðarnefndar
F26-07-068

Velferðarnefnd Fundargerð

Fundur haldinn þann 13.7.2026, 15:00 – 15:50. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Ragnhildur Haraldsdóttir
Ritari: Pétur Arason
Fundinn sátu: Ásdís Ýr Arnardóttir aðalmaður
Þórdís Eva Einarsdóttir aðalmaður
Elín Ósk Gísladóttir aðalmaður
Starfsmaður: Sara Lind Kristjánsdóttir

1. M26-07-413 - Kosning formanns og varaformanns velferðarnefndar

Ragnhildur Haraldsdóttir lagði fram þá tillögu að Ragnhildur Haraldsdóttir yrði formaður og Ásdís Ýr Arnardóttir yrði varaformaður velferðarnefndar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

2. M26-07-414 - Erindisbréf velferðarnefndar 2026

Velferðarnefnd staðfestir erindisbréf velferðarnefndar 2026-2030 samhljóða. Velferðarnefnd beinir því til félagsmálastjóra, samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar, að biðja sveitarfélagið Skagaströnd um að tilnefna áheyrnarfulltrúa í velferðarnefnd.

3. M26-07-416 - Fundargerð 50. fundar fagráðs um málefni fatlaðs fólks á NV

Umræður sköpuðust um sumarhátíð fatlaðs fólks og þann skamma fyrirvara sem gefin var á þátttöku fyrir íbúa Húnabyggðar. Mikilvægt er, ekki síst þar sem þetta hefur gerst áður, að skipulag þessa viðburðar verði bætt á næsta ári.

Lögð fram til kynningar fundargerð 50. fundar fagráðs um málefni fatlaðs fólks á NV. Velferðarnefnd áréttar að fulltrúi Húnabyggðar í samráðshópi um málefni fatlaðs fólks á Norðulandi vestra er Guðmundur Haukur Jakobsson.

4. M26-07-417 - Erindi frá Sigurlaugu Gísladóttur

Velferðarnefnd þakkar Sigurlaugu fyrir erindið og hvetur hana í áframhaldandi hagsmunagæslu þeirra sem þurfa stuðning heilbrigðis- og félagsmálakerfisins.

5. M26-07-415 - Samkomulag við ríkið varðandi börn með fjölþættan vanda

Velferðarnefnd Húnabyggðar lýsir yfir þungum áhyggjum af nýrri reglugerð Mennta- og barnamálaráðuneytisins sem gengur gegn samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025 um ábyrgð á þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Með reglugerðinni hefur ríkið einhliða þrengt skilgreiningu hópsins með þeim afleiðingum að ábyrgð og kostnaður flyst í auknum mæli yfir á sveitarfélög. Nefndin telur breytinguna óásættanlega og fela í sér alvarlegan trúnaðarþrest gagnvart sveitarfélögum. Jafnframt bendir nefndin á að þjónusta við börn með fjölþættan vanda er afar kostnaðarsöm og geta slík úrræði numið nokkrum milljónum króna á mánuði fyrir hvert barn. Ljóst er að erfitt er fyrir lítil og meðalstór sveitarfélög að standa undir slíkum kostnað. Velferðarnefnd beinir því til byggðarráðs að taka undir bókun velferðarnefndar.

Nefndin ræddi fastan fundartíma og ákveðið var að fastur fundartími nefndarinnar sé annan mánudag í hverjum mánuði klukkan 13:00.